



Blönduósi, 2. nóvember 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

MINNISBLAÐ

Athugasemdir við frumvarp til umferðarlaga

Undirrituð viljum koma að eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til umferðarlaga sem nú er til umfjöllunar hjá Alþingi.

Athugasemdirnar varða 2. mgr. 99. gr. sem er svohljóðandi ásamt athugasemdum:

99. gr.

Afsláttur af sektarfjárhæð.

Veita skal sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Heimilt er að veita sakborningi sem hefur tekjur undir hálfum öðrum lágmarkslaunum allt að 25% afslátt af upphaflegri sektarfjárhæð. Við útreikning skal miðað við tekjur sem fram koma á skattskýrslu síðasta almanaksárs fyrir brotið.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um afslátt af sektarfjárhæð vegna umferðarlagabrota.

Um 99. gr.

1. mgr. fjallar um afslátt af sektarfjárhæð og er samhljóða 9. mgr. 100. gr. gildandi laga.

2. mgr. er nýmæli en samngjarnt þykir að binda sektargreiðslur að einhverju leyti við fjárhag sakbornings. Lagt er til að miðað verði við að sá sem gerist brotlegur við umferðarlög og hefur tekjur undir hálfum öðrum lágmarkslaunum, eins og þau eru skilgreind í samningi milli Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins hverju sinni, geti notið allt að 25% afsláttar af upphaflegri sektarfjárhæð sé eftir því leitað. Samkvæmt fyrrnefndum samningi eru lágmarkslaun 165.000 kr. á mánuði frá og með 1. janúar 2010. Framlögð gögn um laun byggjast á skattaframtali ársins áður en umferðarlagabrot átti sér stað.

Ekki var leitað til innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar (IMST) hér við embættið við gerð frumvarpsins en embættið hefur mikla reynslu og sérþekkingu við innheimtu slíkra mála.

Við höfum skoðað viðurlögin í XVIII. kafla og þá sérstaklega tekjutenginguna í 2. mgr. 99. gr. lagafrumvarpsins. Við höfum miklar áhyggjur af því að flækjustigið muni hækka og vinna gegn þeim úrræðum til hagræðingar sem nú eru til umfjöllunar með breytingum á reglugerð um lögreglustjórásáttir.

Sektarboð eru innheimt af 15 lögreglustjórum. Hjá IRR liggur fyrir breyting á reglugerð um lögreglustjórásáttir þess efnis að einfalda innheimtu á sektum vegna umferðarlagabrota, þess efnis að ef sök er játuð tekur IMST þegar við innheimtu sektarinnar sem þá er aðfarar- og

fullnustuhæf. Ef broti er neitað, þá klárar viðkomandi lögreglustjóri innheimtu sektarinnar, annað hvort með útgáfu sektarboðs, sektargerð eða ákæru.

Sú tillaga sem gerð er í væntanlegum umferðarlögum að veita tekjulágum sakborningi 25% afslátt af upphaflegri sektarfjárhæð (skilningur hér er sá að tekjulágir haldi 25% afslætti eftir að 30 dagar eru liðnir sbr. 1. mgr.)

- Ef mál sakbornings er sent dómara, annað hvort til dómsáritunar eða með ákæru, þá er það eftir atvikum dómarsans; að ákveða sektarfjárhæð með umræddum afslætti vegna lágra launa. Sektarfjárhæð sem ákveðin með dómi er endanleg. Einungis forseti Íslands/náðunarnefnd sem hefur heimild til þess að breyta refsingum.

Skv. tillögunum á sakborningur að leggja fram gögn um laun sem byggjast á skattframtali ársins áður en umferðarlagabrot átti sér stað.

Ýmsar spurningar og álitamál koma upp við skoðun á þessu ákvæði:

- Nær væri að miða við skattframtal síðasta árs og launaseðla s.l. 3ja mánaða (sbr. viðmið náðunarnefndar og viðmiðunarreglur vegna niðurfellingu sakarkostnaðar) eða veita fyrrgreindum 15 lögreglustjórum auknar heimildir til þess að kanna tekjuupplýsingar sakbornings. Tekjur/fjárhagur getur breyst verulega á einu ári, t.d. ef viðkomandi hefur verið í fæðingarorlofi, atvinnulaus eða í annari ver launaðri vinnu árinu áður.
- Getur líka breyst á hinn veginn, haft góðar tekjur á s.l. ári en lágar þegar brot er framið og komið til innheimtu. Hvað skal gera þá?
- Hvernig fer ef sakborningur sem er undir tekjuviðmiðum á eignir sem standa undir sektarfjárhæð? Skv. 70. gr. laga um fullnustu refsinga skal innheimta sekt með fjárnámi ef eignir eru til staðar.
- Getur sakborningur á hvaða tímapunkti sem er í innheimtufærli óskað eftir þessum “auka” afslætti, jafnvel þó búið sé að gera fjárnám og krafa komin í nauðungarsölu eða ef búið er að birta viðkomandi að hann eigi að sæta vararefsingu í fangelsi?
- Lækkar dagafjöldi vararefsingar í fangelsi í samræmi við lækkaða sektarfjárhæð? Ef sakborningur fær 100.000 kr. sekt (8 daga vararefsingu) og svo 25% afslátt = 75.000 kr., á vararefsingin að fylgja þeirri fjárhæð (þá 6 dagar)?
- Einnig kemur til álita hvernig þetta er hugsað stjórnsýslulega, en búast má við að taka þurfi ákvörðun um höfnun á erindi til lækkunar og að umfang slíkra mála gæti reynst talsvert m.a. vegna kærueimildar ef erindi er hafnað. Hvernig er þetta hugsað?
- Mun náðunarnefnd taka þessi erindi fyrir ef kominn er dómur í máli?
- Eiga öll embættin að taka þessi mál að sér eða verður einhverju einu falið það?

- Þetta kallar jafnframt á aukna vinnu og meiri kostnað hjá lögreglunni sem er mjög aðþrengd um þessar mundir.

Við teljum að mestur jöfnuður verði með því að efla punktakerfið, setja það í sama horf og það var þegar byrjað var að nota það. Samhliða breytingum á sektarfjárhæðum hefur punktakerfið ekki verið endurskoðað eða endurbætt.

Þegar punktakerfið var innleitt árið 1997, reglugerð 404/1997, var það þannig uppsett (miðað við 90 km/h):

Upp að 20 km yfir leyfðan hámarkshraða, 1 punktur

21-30 yfir leyfðan hámarkshraða, 2 punktar

31-40 yfir leyfðan hámarkshraða, 3 punktar

41-50 yfir leyfðan hámarkshraða, 4 punktar

Á árinu 1998 var því svo breytt með reglugerð nr. 431/1998 þannig að ökumaður fékk 1. punkt þegar komið var 21 km yfir leyfðan hámarkshraða.

Punktakerfið er mun jafnara „verkfæri“ en sektir fyrir alla. Sektarrefsing hefur oft gríðarleg áhrif á þann sem stendur illa fjárhagslega á meðan þeir sem eru fjárhagslega vel stæðir finna mun minna fyrir því þó sektir séu háar.

Það væri því til bóta færa punktareglugerðina aftur í fyrra horf, þó ekki væri nema að það væri 1. punktur þegar farið er 11-20 yfir leyfðan hámarkshraða, sérstaklega með það til hliðsjónar að einum sektarflokki hefur verið bætt framan við; t.d. 96-100 (þar sem er 90 km/h).

Virðingarfyllst;

Bjarni Stefánsson, sýslumaður á Blönduósi

Erna Björg Jónmundsdóttir, deildarstjóri IMST

Sent samdægurs með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Frumrit póstlagt.